

STJÓRNARTÍÐINDI B 27 — 1972

29. september 1972.

687

Nr. 327.

SAMNINGUR

milli Læknafélags Íslands og menntamálaráðuneytisins um gjald fyrir heilsuvernd í skólum.

1. gr.

Greiðsla til lækna, er annast heilsuvernd í skólum samkvæmt reglugerð nr. 214 frá 22. janúar 1958, um heilsuvernd í skólum, með áorðnum breytingum (nr. 196/1965 og nr. 284/1966), skal vera sem hér segir, miðað við skólaár.

1. Fyrir hvern nemanda í barnaskólum kr. 105.40.
2. Fyrir hvern nemanda í gagnfræðaskólum og öðrum framhaldsskólum, kr. 85.70.

2. gr.

Á ferðalögum til og frá skóla, utan heimasveitar læknis, skulu honum greiddar kr. 402.00 fyrir hverja klst.

3. gr.

Ofangreindar fjárhæðir eru grunngreiðslur, og til viðbótar þeim greiðist full verðlagsuppbót eins og hún er á hverjum tíma.

Auk launa, sem að framan greinir, skal lækni greitt orlofsfé, sem nemi 8.33%.

4. gr.

Um greiðslur fyrir bifreið fer eftir taxta fjármálaráðuneytisins hverju sinni.

5. gr.

Samningur þessi kemur í stað samnings aðila um sama efni, dags. 17. sept. '71. Samningurinn gildir frá 1. sept. 1972 til 1. sept. 1973 og fellur þá úr gildi án uppsagnar.

Reykjavík, 29. september 1972.

F. h. Læknafélags Íslands:

Heimir Bjarnason.

F. h. menntamálaráðuneytisins:

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Torfi Ásgeirsson.